

Haukur Arnþórsson, ph.d, stjórnsýslufræðingur:

UMSÖGN um þingmál (frumvarp til laga) nr. 19 á 148 þingi.

Í þingmálinu er lagt til að 4. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, falli brott. Greinin er í tveimur mgr. og er hér fjallað um þær aðskildar.

Umsögn: Mælt er með því að frumvarpið verði samþykkt.

Um 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1995.

Í málsgreininni er kveðið á um að kjörinn þingmaður (i) eigi rétt á leyfi frá opinberu starfi í allt að 5 ár. Afsali hann sér starfinu þá á hann í önnur 5 ár frá þeim tíma (ii) forgang að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera.

Hvað varðar fyrra atriðið þá er réttur opinberra starfsmanna til launalauss leyfis frá störfum frekar lítill. Hann takmarkast að mestu við að starfsmanni séu falin sérstök verkefni á hans starfssviði um stuttan tíma og ekki til lengri tíma en árs. Á árum áður var þetta rýmra og svolítið stundað, en mæltist illa fyrir og fræg dæmi eru til um það að leyfi frá opinberum störfum urðu að fjölmiðlafári og voru jafnvel tekin til marks um spillingu – og urðu þau að lokum til þess að möguleikum á launalausum leyfum var nánast lokað. Nú geta ríkisstarfsmenn engu að síður fengið launalaus leyfi frá störfum um lengri tíma ef þeir hverfa til starfa í norrænu samstarfi, en þá geta þeir haldið starfi sínu í allt að 8 ár. Það virðist vera eina undantekningin frá meginreglunni.

Ákvæði þessarar mgr. komu fyrst fyrir í lögum um þingfararkostnað 1995, en þá var þingmannsstarfið orðið að heilsársstarfi í raun svo þingmenn þurftu að segja sig frá fyrra starfi og voru undir þrýstingi í þá átt, sem ekki hafði endilega verið áður. Svo virðist vera sem ákvæðið hafi átt að skapa þingmönnum atvinnuöryggi í ótryggum heimi stjórnmalanna. Það var töluvert gagnrýnt þegar það var sett. En ákvæðið er ekki í takt við þær almennu reglur og framkvæmd sem tíðkast um opinber störf; var það varla þegar það var sett og er það enn síður nú.

Á síðasta hluta síðustu aldar gekk ríkið sífellt lengra og lengra frá weberískum gildum við mannaáráðningar og til markaðsforsendna og var það hluti af NPM (New Public Management) stefnunni. Þá var meðal annars fallið frá æviráðningum og kveðið á um að embætti skuli losna og þau auglýst á 5 ára fresti. Hin weberísku gildi fela meðal annars í sér að starfsreynsla fyrir hið opinbera er talin verðmæt og var talað um að fá framgang í starfi og framgangskerfi. Hin víðtæku weberísku sjónarmið um starfsmannamál í stjórnsýslu eru hluti af vísindalegu kenningakerfi um stjórnsýslu frá fyrri hluta síðustu aldar og kennd við þjóðverjann Max Weber, föður nútíma stjórnsýslufræða. Sameinuðu þjóðirnar og fleiri alþjóðastofnanir miða enn við weberísku reglurnar og er Sp. enn með tvo lista yfir umsækjendur um starf; annars vegar „from roster“ (úr röðum starfsmanna eða fyrrverandi starfsmanna) og hins vegar utanaðkomandi umsóknir. Markaðsviðmiðanir eða almennar viðmiðanir í starfsmannamálum eru meðal annars þær að allir

sitji við sama borð við opinberar mannaráðningar og að starfsreynsla frá ólíkum geirum samfélagsins sé metin til jafns - og felur í sér mjög ákveðna höfnun á framgangskerfi.

Þegar weberísk gildi liggja ekki lengur til grundvallar mannaráðningum heldur markaðsleg þá er ekki hægt að hafa tvo misréttháa lista umsækjenda eða vega eina umsókn þyngra en aðra vegna forgangsákvæða að öðru óbreyttu. Því er varla hægt á grundvelli núgildandi laga og reglna um ráðningamál að framkvæma seinna atriði málgreinarinnar um forgang. Forgangur er tæpast lengur til við mannaráðningar, nema hvað varðar jafnréttismál sem er mjög afmarkað svið. Vandséð er hvernig framkvæma ætti forgang ef þingmaður krefðist hans þegar hann sækir um opinbert starf. Því er nauðsynlegt að fella þetta forgangsákvæði úr gildi.

Um 2. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1995.

Í málgreininni er kveðið á um að þingmaður sem gegnir starfi hjá ríkinu samhliða þingmennsku eigi rétt á ákveðnu hlutfalli af launum í því, þó aldrei meira en 50%. Viðkomandi ráðuneyti meti hversu hátt hlutfallið eigi að vera.

Þetta ákvæði kom inn í núverandi mynd 1980. Rýmra ákvæði hafði verið í eldri lögum. Með ákvæðinu var reynt að ganga í sömu átt og þingmál nr. 19 gerir; að styrkja þingmannsstarfið og tryggja að það sé aðalstarf þingmannsins. Þó er í raun viðurkennt og samþykkt með ákvæðinu að þingmenn vinni með því. Ákvæðið var samt mikil breyting því sumir þeirra voru prófessorar eða bankastjórar með þingmanns- og ráðherrastörfum, en þá voru þau störf bæði á vegum ríkisins. Spyrja má hvort launakjör þingmanna hafi verið bágborin á þessum tíma, en þau voru það undir 1990, eins og komst þá í hámmæli. En þingmenn nutu fullra launa 12 mánuði á ári þótt Alþingi starfaði aðeins hluta úr ári og höfðu gert frá og með lagasetningu Birgis Finnssonar um þingfararkaup 1964, en áður var þingmönnum greitt dagkaup.

Þarf varla að hafa mörg orð um það að ákvæði þessarar málgreinar er úrelt og frá þeim tíma sem þingmannsstarfið var umfangsminna en nú er og sennilega verr launað. Ekkert bendir til annars en að Kjararáð sem ákvarðar laun þingmanna telji að þingmannsstarfið sé fullt starf og má jafnframt spyrja sig hvort þingmaður sem vinnur aðra vinnu samhliða þingmannsstörfum sé ekki að gera lítið úr hlutverki sínu í samfélaginu og jafnvel að svíkja skyldur sínar við kjósendur.